

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 675/2012

2013/EES/20/33

frá 23. júlí 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun talkúms (E 553b) og karnúbavax (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin egg í skurn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á talkúmi (E 553b) og karnúbavaxi (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin egg í skurn var lögð fram og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Ef matvælaaukefnin talkúm (E 553b), karnúbavax (E 903) og skellakk (E 904) eru notuð á yfirborð litaðra, soðinna eggja geta þau þjónað hlutverki skreytingar með því að veita meiri eða minni gljáa. Auk þess getur skellakk (E 904) stuðlað að auknu geymsluþoli allra soðinna eggja í skurn þegar það er notað á yfirborð þeirra.
- 6) Ekki er búist við að þessi matvælaaukefni flæði inn í ætan innri hluta eggjanna þar eð þau leysast ekki upp

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 196, 24.7.2012, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

og hafa mikla mólþyngd. Ólíklegt er að notkun þessara matvælaaukefna hafi áhrif á heilbrigði manna þar eð vaxið í þeim er áfram á eggjaskurninni. Því er rétt að veita leyfi fyrir notkun á talkúmi (E 553b) og karnúbavaxi (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun á skellakki (E 904) á öll soðin egg í skurn, lituð sem ólituð.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á talkúmi (E 553b), karnúbavaxi (E 903) og skellakki (E 904) á soðin egg í skurn telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum ⁽³⁾, gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun á talkúmi (E 553b) og karnúbavaxi (E 903) á lituð, soðin egg í skurn og notkun skellakks (E 904) á soðin egg í skurn fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökuðag að því er varðar þessi matvælaaukefni.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflökki 10.2 „Unnin egg og eggjaafurðir“ á eftir færslunni fyrir E 520–523:

„E 553b	Talkúm	5400		Einungis á yfirborði litaðra, soðinna eggja í skurn	Gildistími: Frá 13. ágúst 2012
E 903	Karnúbavax	3600		Einungis á yfirborði litaðra, soðinna eggja í skurn	Gildistími: Frá 13. ágúst 2012
E 904	Skellakk	<i>efir þörfum</i>		Einungis á yfirborði soðinna eggja í skurn	Gildistími: Frá 13. ágúst 2012 ^c